

### Ályktun um lagareldi

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023, fagnar framkomnum drögum að nýrri stefnumótun lagareldis og samþykktu strandsvæðaskipulagi og lýsir á þeim grunni yfir stuðningi við áframhaldandi uppbyggingu sjókvíaeldis á Vestfjörðum. Jafnframt skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á stjórnvöld að auka fjármagn til rannsókna á áhrifum fiskeldis á lífríkið og til miðlunar fræðslu um umhverfisleg, efnahagsleg og samfélagsleg áhrif sjókvíaeldis á Íslandi. Opinber störf sem tengjast þjónustu og eftirliti með sjókvíaeldi skulu vera þar sem starfsemin fer fram.

Á undanförunum árum hefur sjókvíaeldi byggst upp á Vestfjörðum og með þeirri uppbyggingu hefur orðið algjör viðsnúningur í atvinnulífi og byggðapróun á Vestfjörðum. Byggðir sem áður töldust vera deyjandi samfélög eru nú farnar að blómstra og bjartari framtíð blasir við íbúum Vestfjarða. Mikilvægt er að sjókvíaeldið fái að þróast og að þekking á eldinu verði bætt með auknum rannsóknum og fræðslu um áhrifin af þessari nýju atvinnugrein sem er að skjóta rótum á Íslandi. Samfélög á Vestfjörðum eiga mikið undir að atvinnugreinin vaxi. Skýrsla Boston Consulting Group staðfestir tækifæri og mögulegan vöxt í framtíðinni. Til að það geti orðið þá þarf ramminn og umgjörð greinarinnar að vera skýr.

Markmið stefnumótunarinnar er að framtíðaruppbygging í lagareldi byggji á skýrum viðmiðum sjálfbærrar nýtingar, vistkerfisnálgunar og varúðar. Áhersla á eftirlit, vöktun og rannsóknir með framleiðslunni standist ítrustu kröfur til að koma í veg fyrir að greinin hafi neikvæð áhrif á umhverfið í framtíðinni.

Markmið strandsvæðaskipulags í byggðamálum eru meðal annars að nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða styðji aðliggjandi byggðarlög með tækifærum til fjölbreyttrar starfsemi og nýsköpunar og styðji lífsgæði íbúa.

Þessi markmið eru í takt við vilja sveitarstjórnarfulltrúa á Vestfjörðum sem hafa kallað eftir aðgerðum af hálfu stjórnvalda um árabil. 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga telur að aðgerðaleysi Alþingis, ríkisstjórna, ráðuneyta og stofnana í málefnum fiskeldis hafi gert að verkum að uppbygging eftirlits og rannsókna í nærumhverfi atvinnugreinarinnar sé ábótavant og að skýr stefna hafi ekki verið mótuð fyrir atvinnugreinina fyrir en nú. Afleiðingar aðgerðaleysis hafa nú mjög neikvæð áhrif á umhverfi og ímynd Vestfjarða.

Þessu til áréttingar bendum við á auglýsingar bæði Hafrannsóknarstofnunar og Mast á liðnum vikum, þar sem störf er tengjast fiskeldi, rannsóknum og eftirliti eru ekki staðsett á fiskeldissvæðum heldur óstaðbundar. Við teljum uppbygginu starfa við eftirlit og rannsóknir í nærumhverfi lykilþátt í sjálfbærri uppbyggingu atvinnugreinarinnar.